



Tilkynning um kæru nr_ 167_2024_

Búið til	3.12.2024 09:04:40
Höfundur	Ásdís Baldursdóttir
Móttekið dags.	3.12.2024 08:56:28
Tilheyrir	USK24120014 - Kæra 167 / 2024 - Langholtsvegur 135 - fjarlægja sorptunnur

Efni

Tilkynning um kæru nr_ 167_2024_

Upplýsingar

Vinnsla

Móttekið dags.	3.12.2024 08:56:28	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalýkill	00.15.02 Kæur og dómsmál		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is
Cc	

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru, móttekin 2. desember 2024 ásamt fylgigögnum, þar sem kærandi fer fram á að

Sorphirða Reykjavíkur fjarlægi sorptunnur við hús hans að Langholti 135 og endurgreiði álagt sorphirðugjald vegna þeirra.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ** ** ** ** ** **
sp; ; ** ** ** ** ** ** ; ** ** ** ** ** **
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 5758710
www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

2.12.2024 15:22

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kæran er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Baldur Katrínarson Þorsteinsson
Kennitala	
Heimilisfang	Langholtsvegur 135
Póstnúmer	104
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Efni kærunnar

Frá því í byrjun þessa árs hef ég óskað eftir því að sorptunnur séu fjarlægðar frá húsi mínu á Langholtsvegi 135 en án árangurs. Þessar tunnur eru óþarfar við heimili mitt, ég bý einn í húsinu og hendi litlu rusli, engar matarleifar og ef ég þarf að henda einhverju þá fer ég með það í Sorpu sen hefur gerst 3 á þessu ári. Þessar tvær 240 lítra tunnur hafa verið tómar allt þetta ár, sorphirðumenn geta staðfest það. Ég trúi því varla að sorphirða Reykjavíkur hafi heimild til að staðsetja 2 x 240 L tunnur við mitt heimili og rukka mig fyrir sorplosun sem aldrei þarf að gera. Ég fer fram á að Úrskurðarnefnd fari fram á að Reykjavíkurborg fjarlægji þessar óþörfu tunnur og endurgreiði mér gjaldið sem var lagt á fasteignagjöldin sem ég greiði Reykjavíkurborg

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Sorphirða Reykjavíkur
Dagsetning ákvörðunar	22.02.2024

Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Láta Sorphirðu Reykjavíkur fjarlægja óþarfar sorptunnur

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Ég fæ endurgreidd sorphirðugjöld af sorpi sem þurfti alkrei að fjarlægja.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Í febrúar 2024

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sorptunnur eru óþarfar við heimili mitt.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Sorptunnur
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Sorptunnur Langholtsvegur.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fasteignagjöld
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Fasteignagjöld 2024 Langholtsvegur.pdf



Árið 2024, fimmtudaginn 5. desember, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 167/2024, kæra á ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 22. febrúar 2024 um að fjarlægja ekki sorptunnur við fasteignina að Langholtsvegi 135 og endurgreiðslu á álagningu gjalds vegna þeirra.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, er barst nefndinni 2. desember 2024, kærir Baldur Katrínarson Þorsteinsson þá ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 22. febrúar 2024 að synja beiðni um að sorptunnur við fasteign hans að Langholtsvegi 135 verði fjarlægðar og gjald vegna þeirra endurgreitt. Er þess krafist að sorptunnurnar verði fjarlægðar og gjaldið endurgreitt.


Málsatvik og rök: Með álagningarseðli fasteignagjalda fyrir árið 2024, dags. 19. janúar 2024, voru lögð á kæranda gjöld vegna sorphirðu við hús hans að Langholtsvegi 135 í Reykjavík. Skiptust þau þannig að vegna 240 lítra tvískiptrar tunnu fyrir blandað sorp og matarleifar var gjaldið kr. 52.500 og vegna 240 lítra tunnu fyrir pappirsúrgang og plast kr. 10.500. Samanlagt nam fjárhæð gjaldanna kr. 63.000.

Kærandi vísar til þess að hann hafi árangurslaust óskað eftir því að sorptunnurnar yrðu fjarlægðar. Þær séu óþarfar þar sem hann hendi litlu rusli og fari með það á móttökustöð. Tunnurnar hafi verið tómar allt árið og sé ekki þörf álagningar vegna þeirra. Með tölvubréfi frá 5. febrúar 2024 hafi hann óskað eftir því að tunnurnar yrðu fjarlægðar og kostnaður vegna þeirra dreginn frá fasteignagjöldum. Hafi hann í framhaldi átt í nokkrum samskiptum við starfsmenn Reykjavíkurborgar þar til beiðni hans var synjað með tölvubréfi frá 22. febrúar s.á.

Niðurstaða: Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er mælt fyrir um að kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar sé einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Beiðni kæranda um að sorptunnur yrðu fjarlægðar og kostnaður vegna þeirra dreginn frá fasteignagjöldum var synjað með tölvubréfi frá 22. febrúar 2024. Voru samtímis gefnar leiðbeiningar um kærurétt til úrskurðarnefndarinnar. Jafnframt voru á bakhlið álagningarseðils fasteignagjalda, dags. 19. janúar 2024, upplýsingar um kærurétt til nefndarinnar. Með þessu verður álitid að kæranda hafi verið eða mátt vera kunnugt um kærurétt sinn til úrskurðarnefndarinnar eigi síðar en 22. febrúar 2024. Kæra í máli þessu barst nefndinni 2. desember 2024, eða að liðnum lögbundnum kærufresti og verður henni vísað frá nefndinni sbr. 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulag nr. 37/1993.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.


Arnór Snæbjörnsson